



Nefnda- og greiningarsvið Alþingis
Velferðarnefnd
150 Reykjavík

Sauðárkróki 11. desember 2023

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um húsnæðisstefnu. Þingskjal 579, 509. mál.

Byggðastofnun hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um húsnæðisstefnu fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaráætlun fyrir árin 2024-2028.

Byggðastofnun tekur undir framtíðarsýn, meginmarkmið og lykilviðfangsefni tillögunnar. Sérstaklega er tekið undir lykilviðfangsefnið „*Sérhæfðum lausnum til að mæta áskorunum á landsbyggðinni.*“ Sömuleiðis er tekið undir markmiðið að „*Framboð íbúða stuðli að virkum vinnumarkaði og styðji við öflug vinnusóknarsvæði um allt land.*“ Þetta markmið er í takti við áherslu í gildandi byggðaáætlun og aðgerð C.5. Þar sem segir: „*Að tryggð verði nægilegt framboð af jölbreyttu íbúðarhúsnæði með jölgun íbúða á svæðum þar sem skortur á hentugu húsnæði hamlar eðlilegri framþróun og uppbyggingu atvinnulífs.*“

Þá telur stofnunin áhersluna um samþættingu áætlana jákvæða þar sem segir: „*Málaflokkar húsnæðis- og mannvirkjamála, skipulagsmála, samgöngumála, byggðamála og málefna sveitarfélaga verði samhæfðir.*“

Athugasemd er gerð við að mælikvarðar sem stuðst verði við til að meta framgang markmiðs 1 um jafnvægi á húsnæðismarkaði eiga að greinast niður á landshluta en ekki sveitarfélög eða staði. Landshlutarnir eins og þeir eru skilgreindir eru í mörgum tilfellum ólík svæði innbyrðis, flestir með stærri þéttbýliskjarna sem draga til sín meðaltöl landshlutanna en einnig dreifbýli og minni þéttbýliskjarna. Sama á við um mælikvarða b. við markmið um húsnæðisöryggi og jafnrétti landsmanna að húsnæðismálum.

Virðingarfyllst
f.h. Byggðastofnunar

Arnar Már Elíasson
forstjóri